

Miðvikudaginn 4. október 1995.

Nr. 328/1995.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Birgi Þór Birgissyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Stjórnarskrá. Mannréttindasáttmáli Evrópu.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 29. september 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 2. október sl. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að „hinn kærði úrskurður verði ómerktur og felldur úr gildi“. Þá er krafist málsvarnarlauna í þessum þætti málsins.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp af Júlíusi B. Georgssyni, fulltrúa við Héraðsdóm Reykjavíkur. Í greinargerð til Hæstaréttar byggir varnaraðili á því, að ákvæði 6. gr. laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, sbr. 1. gr. laga nr. 80/1995, fái ekki samrýmst 3. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 5. gr. stjórnskipunarлага nr. 97/1995. Samkvæmt því ákvæði beri dómara að ákveða með rökstuddum úrskurði, hvort sakborningur sæti gæsluvarðhaldi. Heldur varnaraðili því fram, að með dómara sé þar átt við þann, sem skipaður er í slíkt embætti af forseta Íslands eða settur af dómsmálaráðherra, og telur hann þann skilning vera í samræmi við 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Varnaraðili vísar einnig til þess, að í máli þessu hafi ekki verið kveðinn upp rannsóknarúrskurður, heldur hafi dómarafulltrúinn í reynd verið að taka refsíákvörðun í máli á hendur varnaraðila, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá telur varnaraðili, að sú framkvæmd við Héraðsdóm Reykjavíkur að fela eingöngu dómarafulltrúum úrlausn gæsluvarðhaldsmála sé í andstöðu við lögskýr-

ingargögn með frumvarpi til laga nr. 80/1995. Hafi komið fram hjá formanni allsherjarnefndar við umræðu á Alþingi um frumvarp til laganna, að einungis væri um heimild að ræða, sem vonir stæðu til, að yrði almennt ekki nýtt.

Af lögskýringargögnum verður ráðið, að áðurnefnd framkvæmd sé á annan veg en löggjafinn hefur ætlast til. Það breytir þó ekki því, að eftir orðalagi 2. mgr. 6. gr. laga nr. 92/1989, svo sem henni var breytt með 1. gr. laga nr. 80/1995, er viðhlítandi lagastoð fyrir því, að dómarafulltrúi fari með kröfu um gæsluvarðhald og kveði upp úrskurð um hana. Eins og staða dómarafulltrúa er nú orðin, stenst þessi skipan þær kröfur, sem verða leiddar af stjórnskipunarlögum og alþjóðasamningum, sem íslenska ríkið er aðili að. Hvað þetta varðar, skiptir ekki máli, þótt gæsluvarðhaldsúrskurður sé kveðinn upp á grundvelli c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Samkvæmt sakavottorði varnaraðila hefur hann á árunum 1988 til 1994 hlotið þrettán refsíðoma, þar af ellefu fyrir brot gegn almennum hegningarlögum. Hinn 1. febrúar 1995 var varnaraðila veitt reynslulausn á eftirstöðvum refsingar, 180 dögum. Svo sem rakið er í hinum kærða úrskurði, gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur varnaraðila 19. september 1995, þar sem hann er sakaður um þjófnað og nytjastuld í mars, júlí og ágúst 1995. Samkvæmt þessu er fullnægt skilyrðum til gæsluvarðhalds yfir varnaraðila eftir c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. september 1995.

Ár 1995, föstudaginn 29. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Birgi Þór Birgissyni, kt. 210971-4839, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út sunnudaginn 1. október nk. kl. 16.00, þar til dómur gengur í máli hans í héraði, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 19. október nk. kl. 16.00.

Hinn 19. september sl. gaf ríkissaksóknari út ákæru í sex liðum á hendur

Birgi Þór Birgissyni og fimm öðrum mönnum fyrir hegningarlagabrot. Í 1. lið ákæru er ákærðað Birgi Þór einum gefnir að sök fimm innbrotsþjófnaðir, fjórar tilraunir til innbrotsþjófnaða, ein nytjataka og ein tilraun til nytjatöku. Í 3. lið ákæru er ákærðað ásamt tveimur öðrum gefinn að sök innbrotsþjófnaður, og í 4. lið er honum gefinn að sök innbrotsþjófnaður ásamt einum hinna meðákærðu. Brot þau, sem saksókn lýtur að, eru framin mars-, júlí- og ágústmánuði sl. Verðmæti þeirra muna, sem stolið var í innbrotum þessum, nemur vel á aðra milljón króna.

Ákærði hefur sett gæsluvarðhaldi frá 18. ágúst sl. á grundvelli a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Mál skv. framangreindri ákæru verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur föstudaginn 6. október nk.

Telja verður ákærða sfbrotamann. Skilyrði eru því til áframhaldandi gæsluvarðhalds hans skv. c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Samkvæmt framansögðu verður fallist á kröfu ríkissaksóknara um áframhaldandi gæsluvarðhald yfir ákærða, eins og hún er fram sett og nánar greinir í úrskurðarorði.

Úrskurðarorð:

Ákærði, Birgir Þór Birgisson, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út sunnudaginn 1. október nk. kl. 16.00, þar til dómur gengur í héraði í máli hans, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 19. október nk. kl. 16.00.